

2. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2018 - 2019 haldinn fimmtudaginn 25. október 2018 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Steinþór Einarsson varaformaður, Þorgerður Anna Arnardóttir, Sigrún María Jörundsdóttir og Frosti Jónsson. Fundinn sátu einnig Sigrún Fjóra Hilmarsdóttir fulltrúi kennara, Viktor Freyr Ómarsson forseti NFFG og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- Staðan í fjármálum eftir september 2018
Staðan í lagi, lítur betur út en skjölin sýna. Ýmis kostnaður á enn eftir að koma inn á móti styrkjum sem skólinn hefur fengið vegna Erasmus verkefna. Enn vantar framlag frá ríkinu vegna hækkunar húsaleigu frá síðustu áramótum.
- Bréf til ráðherra mennta- menningarmála
Lagt var fram bréf til mennta- og menningarmálaráðherra þar sem honum er boðið í heimsókn í FG. Svar hefur borist og stefnt er á heimsókn ráðherra 10. janúar 2019.
- Drög að persónuverndarstefnu FG
Lögð voru fram drög að persónuverndarstefnu skólans sem hafa verið send til persónuverndarfulltrúa ráðuneytisins til umsagnar. Verið er að taka upp nýtt skjalavörslukerfi í skólanum sem mun auðvelda að halda utan um ýmis gögn og gera grein fyrir hvernig gögnum sem varða persónuvernd er haldið til haga .
- Drög að dagatali 2018-2019 samkvæmt þriggja anna kerfi
Lögð voru fram drög að dagatali næsta skólaárs og farið yfir hvernig skipulagið verður miðað við þrjár annir. Undirbúningur gengur vel og haldnir eru vikulegir fundir um framvindu mála. Nemendur og foreldrar hafa fengið bréf þar sem þriggja annar kerfið var kynnt.
- Innritun í FG
Töluleg gögn voru lögð fram um innritunina í haust. Fáum töluvert af nemendum inn um áramótin sem fengu höfnun í haust. Breyting verður í 3 anna kerfinu og erfiðara verður að flytjast á milli skóla.
- Önnur mál
FG – Flensborgardagurinn verður á morgun og svo Salsaball eftir tvær vikur.

Næsti fundur fimmtudaginn 29. nóvember.

Fundi slitið kl. 12:45

Snjólaug E. Bjarnadóttir

